

## AUGLÝSING

### **um deiliskipulag vinnubúða og athafnasvæðis vegna Norðfjarðarganga í Norðfirði, Fjarðabyggð.**

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 26. september 2013 deiliskipulag vinnubúða og athafnasvæðis vegna Norðfjarðarganga í Norðfirði.

Deiliskipulagið felur meðal annars í sér að vinnubúðir og athafnasvæði framkvæmdaaðila Norðfjarðarganga er afmarkað á tveimur stöðum. Athafnasvæði verður við gangamunna Norðfjarðarganga í Norðfirði en þar er gert ráð fyrir allri aðstöðu framkvæmdaaðila og þeim mannvirkjum sem setja þarf upp vegna framkvæmdarinnar. Vinnubúðir eru í landi Kirkjubóls í Norðfirði. Um er að ræða tímabundna notkun svæðis. Að framkvæmdatíma liðnum verða vinnubúðir fjarlægðar og athafnasvæði hreinsað.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 14. október 2013,*

**Páll Björgvin Guðmundsson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. október 2013